

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 6. maí 2021 eftirfarandi:

*Mariúgata 9-11, deiliskipulagsbreyting 1. áfanga austurhluta Urriðaholts.*

Breytingartillagan gerir ráð fyrir því að fjölgað verði um fjórar íbúðir stærri en 90 m<sup>2</sup> og fjórar íbúðir minni en 90 m<sup>2</sup>. Bílastæðum á lóð fjölgað til samræmis við fjölgun íbúða.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 2. september 2021 eftirfarandi:

*Brekkuás, breyting á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis).*

Breytingartillagan gerir ráð fyrir því að lóð fyrir leikskóla breytist í lóð fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk og opið leiksvæði. Heimilt verður að byggja einnar hæðar hús með 6-7 íbúðum.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi þann 23. ágúst 2021 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

*Vesturhraun 5 og 5a, óveruleg breyting á deiliskipulagi Molduhrauns.*

Breytt mörkun lóðar Vesturhrauns 5a og lóðin Vesturhraun 5 stækkar um u.þ.b. 35 m<sup>2</sup>.

*Stekkarflöt 9, óveruleg deiliskipulagsbreyting Flata.*

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að byggingarreitur stækki til austurs aftan við hús.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 22. október 2021.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.